

Opnunartími sundlauganna

Neslaug: miðvikudaga 17-22 og laugardaga 13-18

Skeiðalaug: mánudaga og fimmtudaga 18-22

Gaukurinn

Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

3.árg. 4.tbl. apríl 2023

Loksins var haldið Hjónaball !!



Opnunartími á gámasvæðinu í Árnesi

miðvikudaga 14:00-17:00 og laugardaga 12:00-15:00

Grenndargámar við sundlaugina í Brautarholti og Félagsheimilið í Árnesi opnir allan sólarhringinn

Það kom loksins að því, að Hjónaballið var haldið og fór ekki á milli mála hversu gaman var að hittast og skemmta sér. Skemmtiatriðin slógu rækilega í gegn og var mikið hlegið. Maturinn var frábær og gleðin stóð langt frameftir nóttu. Hjónaballsnefndin á hrós skilið fyrir frábært kvöld.

Framkvæmdir hafa staðið yfir í Skeiðalaug síðustu vikur og ganga vel. Í lok apríl verður SPA deildin tilbúin með gufu, infrarauðum klefa, köldum potti, slökunarherbergi og kaldri mistur sturtu. Verið er að undirbúa steypumótin fyrir nýju heitu pottana og verða þeir steptir uppi á áhorfendapöllumunum í maí. Allar framkvæmdir eiga að klárast fyrir lok maí og þá stefnum við á opnun Skeiðalaugar alla daga vikunnar í sumar.

Í samráðsgátt stjórnvalda hefur verið lagt fram drög að breytingum á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Verði breytingarnar að lögum, í þeirri mynd sem hefur verið boðað, mun það þýða verulegt tekjutap sveitarfélagsins til framtíðar. Miðað við nýju reglurnar hefðu tekjur sveitarfélagsins frá Jöfnunarsjóði árið 2022 verið rúmum 40 milljónum lægri með nýju reglunum. Það er mat sveitarstjórnar að ekki sé nægilegt tillit tekið til þess að rekstur sveitarfélags í drefibýli kallar á verulega aukinn kostnað á íbúa, ef hægt á að veita þá lögbundnu þjónustu sem okkur ber skylda til að gera. Góð mæting var á íbúafund í Árnosi þar sem uppbygging byggðar til framtíðar í Árnosi var til kynningar og umræðu. Mikil uppbygging er framundan sem mun fjölga íbúum verulega í sveitarfélaginu. Það er



Pistill frá sveitarstjóra

mikil atvinnuuppbygging framundan og verður gaman að vinna að því næstu mánuði að sjá hvernig hönnun á skipulaginu í Árnosi kemur til með að líta út.

Ég hef mikið skrifað um orkumálin síðustu vikur og mánuði í fjölmiðlum. Mikilvægt er að árangur náist í því að gera leikreglur orkuvinnslu þannig að nærumhverfið njóti sannarlega ávinnings af starfsemi.

Þegar Landsvirkjun var stofnuð árið 1965 var sett sérstök reglugerð um Landsvirkjun þannig að hún var undanþegin öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, nema fasteignagjöldum stöðvarhúsa.

En hvað hefur breyst frá þessum tíma? Það hefur svo til allt breyst, nema það sem snýr að nærumhverfinu, sveitarfélögunum sem hafa orkuvinnslu í sínu nærumhverfi. Langt er síðan reglugerðin um Landsvirkjun var felld úr gildi. Landsvirkjun sér ekki lengur um að flytja raforku, einungis að framleiða hana. Landsvirkjun ber ekki skylda að hafa viðunandi orku tiltæka í kerfinu fyrir almenning lengur. Landsvirkjun er ekki lengur undanþegin tekjuskatti, eignarskatti, stimpilgjöldum, útsvari né öðrum gjöldum. Landsvirkjun er bara venjulegt

fyrirtæki eins og öll önnur fyrirtæki og starfar á samkeppnismarkaði eins og önnur fyrirtæki. Það er því búið að afnema allar sérreglur um Landsvirkjun nema þá sem snýr að því að greiða fasteignagjöld af þeim mannvirkjun sem þarf til orkuvinnslu. Það er síðasta undanþágan til þess að við getum sagt að Landsvirkjun starfi sannarlega á samkeppnismarkaði, án þess að þurfa meðgjöf með skattaafslætti. Það eru tekjurnar sem sannarlega ættu að skila sér til nærsamfélagsins, sveitarfélaganna sem hafa orkuvinnslu í sínu nærumhverfi eins og öll önnur atvinnustarfssemi þarf að gera.

Árið 2010 hóf Landsvirkjun að endursema við stærstu viðskiptavinina sína, álverin. Forstjóri Landsvirkjunar hefur á síðustu vikum lýst þessu ferli í fjölmiðlum. Þarna var Landsvirkjun að semja við stærstu fyrirtæki í heimi, kljást við færustu lögfræðinga heims og Landsvirkjun þurfti að vinna mikla vinnu við að greina viðskiptavinina og átta sig á því hvað væri hægt að ná fram miklum hækkunum. Á þessum tíma komu allir forstjórar stóru álfyrirtækjanna til fjármálaráðherra og kvörtuðu yfir framgöngu forstjóra Landsvirkjunar, hótuðu að loka álverksmiðjunum ef hann yrði ekki stoppaður í þessari vegferð. En eins og forstjóri Landsvirkjunar hefur sagt, þá stóð hann fast í lappirnar og náði árangri. Þannig var lagður grunnurinn að sterkri fjárhagsstöðu Landsvirkjunar í dag. Í dag standa sveitarfélögin sem hafa orkuvinnslu í sínu nærumhverfi í sömu sporum og forstjóri Landsvirkjunar stóð í

fyrir 13 árum. Við höfum greint stöðuna, áttað okkur á því svigrúmi sem er til staðar og framundan er vegferð þar sem við munum standa fast í lappirnar þar til síðustu undanþágur orkuvinnslu verði afnumdar, því allir aðrir hafa fengið sitt. Það mátti vel sjá á síðasta ársfundi Landsvirkjunar, þar sem kom skýrt fram að greiðslur fasteignagjalda til sveitarfélaganna voru 1 milljarður, á meðan tekjuskattur og arðgreiðslur til ríkisins voru 50 milljarðar. Það er jú búið að afnema allar undanþágur frá skatti sem snýr að ríkisvaldinu, en ekki gagnvart sveitarfélögunum. Þessu þarf að breyta. Ef greidd væru fasteignagjöld af öllum orkumannvirkjum, þá hefðu fasteignagjöldin verið í kringum 16 - 20 milljarðar sem hefðu skilað sér til sveitarfélaga um land allt. Sömu leikreglur fyrir orkuvinnslu og er á annarri atvinnustarfssemi er forsendan fyrir því að hægt verði að byggja upp samkeppnishæf búsetuskilyrði um land allt og mun það auka tekjur allra sveitarfélaga á Íslandi. Það er forsendan fyrir því að hægt sé að halda áfram að skipuleggja orkumannvirki í sveitarfélögum á landsbyggðinni og leggja grunninn að orkuskiptunum sem eru framundan.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun þarf því að meta öll orkumannvirki til fasteignamats og orkufyrirtækin þurfa að byrja að greiða fasteignagjöld af öllum orkumannvirkjum. Þá fyrst verður búið að afnema síðustu sérregluna um orkuvinnslu á Íslandi.

Kveðja,
Haraldur Þór Jónsson

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings (SVÁ)

Þann 1. mars sl. urðu breytingar á skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings bs. (SVÁ) þegar Hveragerðisbær og sveitarfélagið Ölfus gengu úr byggðarsamlaginu.

Sveitarfélögin Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða og Gnúpverjahreppur hafa komið sér saman um að reka áfram sameiginlega skóla-og velferðarþjónustu í byggðarsamlagi.

Markmið byggðasamlagsins er að efla samstarf á milli sveitarfélaganna á svæðinu á sviði skóla- og velferðarþjónustu, nýta tækifæri til að samþætta sérfræðiþjónustu fyrir bæði þessi svið. Hjá SVÁ starfar öflugur og flottur hópur starfsfólks með fjölbreytta menntun sem munu vinna í teyrum með það að markmiði að efla og bæta þjónustu við íbúa ofangreindra sveitarfélaga sem standa að baki SVÁ.

Þeir málaflokkar sem falla undir þjónustuna hjá SVÁ eru eins og nafnið ber með sér skólaþjónusta og velferðarþjónusta.

Skólaþjónustan tekur annars vegar til stuðnings við nemendur í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra og hins vegar stuðnings við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra. Markmið

Aðalfundur BJSV. Sigurgeirs, verður haldinn í húsi sveitarinnar þriðjudaginn 24. apríl 2023 klukkan 20:30

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Skýrsla gjaldkera
3. Inntaka nýrra félaga
4. Kosningar, (formaður gefur ekki kost á sér til endurkjörs)
5. Önnur mál

með skólaþjónustu sveitarfélaga er að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi. Skólaþjónusta skal beinast að því að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á.

Velferðarþjónustan veitir íbúum sveitarfélaganna ráðgjöf um félagsleg réttindamál og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda. Félagsþjónustan veitir einnig þjónustu á sviði málefna barna og ungmenna, aldraðra og fólks með fötlun eins og nánar er tilgreint í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum um málefni aldraðra og lögum um málefni fatlaðs fólks. Velferðarþjónustan leitast við að tryggja íbúum sveitarfélaganna heilstæða félagslega þjónustu. Þjónustan er fyrir alla íbúa sem þess þurfa og er áhersla lögð á að mæta einstaklingum af virðingu. Jafnframt er lögð áhersla á að hjálpa einstaklingum til sjálfshjálpar, bæði með ráðgjöf og öðrum viðeigandi stuðningi. Velferðarþjónustan sinnir einnig barnaverndarstarfi á grundvelli barnaverndarlaga. Barnavernd miðar að því að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við.

Aðalstarfsstöð skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings er í Laugarási.

Síminn er 480-1180. Ýmsar upplýsingar málf finna á heimasíðu SVÁ:

<https://www.arnesthing.is/>

Þess ber að geta að verið er að vinna í uppfærslu á heimasíðunni.

f.h. skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings

Anný Ingimarsdóttir, félagsráðgjafi

deildarstjóri velferðarþjónustu

REKSTRARVÖRUR TIL HEIMILIS

Gæludýrafóður, olíuvörur, vinnugallar og fleira!



📍 Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
☎ 480 5600

📍 Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
☎ 480 5610

🌐 www.landstolpi.is
✉ landstolpi@landstolpi.is

Skeiðalaug

Nú eru framkvæmdir komnar vel af stað. Búið er að setja epoxy yfir allt gólfið á gufubaðsrýminu og kemur það alveg gríðalega vel út. Kaldi potturinn er klár og tilbúinn til notkunar. Nú er um að gera að mæta og dýfa sér ofan í hann. Sturturnar sem voru hjá gufunni eru orðnar að köldum úða sem gott er að kæla sig í eftir gufubað. Nú er verið að innrétta gamla hvíldarherbergið sem infrarauða saunu og á hún að vera tilbúin í apríl. Hægt að fylgjast með öllu ferlinu á samfélagsmiðlunum facebook og instagram @skeidalaug.

Opnunartími:

Mánudaga kl 18:00 – 22:00

Fimmtudaga kl 18:00 – 22:00

ATH: Sumardaginn fyrsta 20.apríl verður opið frá 16:00 - 22:00



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps kemur út um hver mánaðarmót og er dreift á öll heimili í sveitarfélaginu. Hægt er að kaupa auglýsingar í blaðið og skal senda auglýsingar og aðsendar greinar til gaukurinn@skeidgnup.is

Útgefandi: Skeiða- og Gnúpverjahreppur. **Ábyrgðarmaður:** Haraldur Þór Jónsson

Ungmennaping Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Ungmennaping verður haldið í Félagsheimilinu Árnesi, laugardaginn 15. apríl nk. kl. 10.00 - 14.00

Öll ungmenni með lögheimili í Skeiða-og Gnúpverjahreppi fá boð á þingið. Frekari upplýsingar verða settar á facebook event og gott væri að tilkynna þátttöku þar.

Dagskrá:

Kl. 10.00 Nýtt deiliskipulag í Árnesi

Búið er að sækja um lóðir fyrir mjög margar nýjar íbúðir í Árnesi og ljóst að þegar íbúum fjölgar aukast möguleikar og tækifæri til að byggja upp t.d. skóla, íþróttahús og fleira. Hvað vilja ungmenni sjá í þéttbýlinu í Árnesi?

Kl. 11.40 Ný skólastefna í Skeiða- og Gnúpverjahrepp

Unnið hefur verið að gerð nýrrar skólastefnu fyrir sveitarfélagið. Gott væri að fá sjónarhorn, gagnrýni ungmenna á stefnuna.

Kl. 12.20 – Pizzaveisla

Kl. 13.00 Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna

Sveitarfélagið hefur skuldbundið sig til að starfa eftir heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni. Markmiðin eru 17 talsins með alls 169 undirmarkmiðum. Hvar finnst ungmennum sveitarfélagsins mikilvægast að byrja?

Kl. 13.30 Kosning í ungmennaráð

Enn á eftir að skipa ungmennaráð Skeiða- og Gnúpverjahrepps – ljúkum fundi á kosningum í ráðið.

Facebook viðburður þingsins: Ungmennaping SkeiðGnúp 2023

Fréttir frá félagi eldriborgara í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Félagar hittast hálfsmánaðarlega yfir vetrartímann og hefur það gengið vel og mæta 10 – 20 manns. Eru þá sýndar myndir, spilað, sungið, sagt frá og spjallað. Jólástund var fyrir jólin þar sem séra Kristján Björnsson kom og spjallaði við okkur, Elin Sigríður Jónsdóttir söng fyrir okkur og svo kom hún Magnea í Þrándarholti með nemendur sína sem er alltaf svo skemmtilegt.

Þá var þorablót hjá okkur sem haldið var á Hestakránni og mætti fólk mjög vel. Kom þar til okkar Bjarni Harðarson með sína snilli og fræddi okkur um formóður sína.

Þá var farið í leikhús og ferðalög, vorferð austur á Hornafjörð. Þar var gíst á hótelinu 2 nætur og farið allaleið á Djúpavog og ýmislegt skoðað báðar




leiðir. Þá haustferð til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, skoðað Nunnuklaustrið og skoðuð sælgætisgerðin Góa. Borðaður var kvöldmatur í Skíðaskálanum í Hveradölum, gaman að koma þar.

Núna á dögnum var haldinn



aðalfundur, kosinn var ný stjórn og skipti stjórninn með sér verkum. Bergljót Þorsteinsdóttir er formaður Þuríður Jónsdóttir gjaldkeri, Hildur Hermansdóttir ritari, Eyþór Brynjólfsson varaformaður og Jóhannes Eggertsson meðstjórnandi. Þrándur og Vilborg gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og þökkum við þeim fyrir vel unnin störf. Kæru félagar, næsta samvera er 27. apríl en fram undan eru páskar

og sumardagurinn fyrsti svo er Akureyrarferð 17.-19. maí sem okkar ágæta ferðanefnd sér um. Margt var fleira gert í okkar starfsemi svo sem jóga, sundleikfimi sem byrjar aftur seinna í mánuðinum. Einnig heimsótti okkur íþróttafulltrúi uppsveita sem kenndi okkur bozzia og leikfimi. Allt er þetta gott og skemmtilegt. Fram undan er árshátíð eldri borgara í uppsveitum sem Hrunamenn bjóða til. Kær kveðja stjórnin.



Löggiltur rafverktaki / bílaflutningur

Axel 860-7073

Gamla dularfulla húsið

4. Þáttur: apríl.


Þið munuð aldrei trúa þessu, en ég eignaðist vini, án djóks. Þetta er alveg nýtt. Ég hef aldrei áður átt vini. Ég kynntist þeim í skólanum. Þau heita Stefanía, hún er alltaf kölluð Stef, og Bjarki. Við erum öll svolítið sérstök. Bjarki er rauðhærður, sem er dálítið fyndið. Stef er mjög snjöll og ég er með gleraugu. Þess vegna köllum við okkur alltaf Harry, Ron og Hermionie, enda erum við öll Harry Potter aðdáendur. En nóg um það. Einn daginn, þegar Stef og Bjarki komu yfir til mín, ákváðum við að gera svolítið. Þetta er skelfileg hugmynd núna, en var snilld þá. Við ákváðum að senda Karlssyni bréf í pósti.

Þegar ég var að svífa um einn morgunn sá ég að bréf hafði verið skilið eftir við útidyra hurðina mína. Ég varð band brjálaður og

flaug í gegnum hurðina til þess að leita að sökudólgnum. En um leið og ég yfirgaf húsið, fékk ég svakalegan sting í brjóstkassann og sveif snögglega aftur inn. Þessi djöfulsins bölvun mundi einn daginn útrýma mér fyrir fullt og allt. Ég greip í kragann á skyrtunni minni og leit niður á bringuna á mér. Þar var risastórt sár sem ég hafði fengið eftir að hafa farið út. Ég sleppti kraganum og sveif að bréfinu, greip það, opnaði og las.

Við horfðum á húsið hans Karlssonar í langan tíma en sáum ekkert. Þannig að ég ákvað að setja upp myndavél, sem sneri að gamla húsinu, til að taka allt upp. Stef og Bjarki fóru heim og ég fór að sofa. Eitthvað vakti mig snemma næsta morgunn. Þegar ég labbaði fram leit ég út um gluggann og sá eitthvað gerast hjá gamla húsinu. Karlsson flaug út í gegnum hurðina, en flaug eiginlega strax aftur inn. Ég trúði þessu ekki. Hvað er að gerast? Ég kíkti á vídeóíð í myndavélinni og skoðaði það en það undarlega var að það sást ekkert til Karlssonar. Stef og Bjarki munu aldrei trúa mér.

Höfundur
Bergur Tjörvi Bjarnason,
Hraunbrún




HUGSUM ÁÐUR EN VIÐ HENDUM


KLÓSETTIÐ ER EKKI RUSLAFATA.
EKKI STURTA BLAUTPURRKUM OG
ÖÐRU RUSLI NIÐUR!




Klósettpappír



Blautpurrrkur



Dömubindi & tíðatappar



Eyrnapinnar & bómullarskífur



Hár & tannpráður





Loksins Hjónaball





Félagsgjöld



Nú er komið að greiðslu árlegs félagsgjalds sem er nú 8500,-

Gjaldið verður innheimt í byrjun apríl.
Vinsamlegast athugið að félagsgjöld fyrir 70 ára og eldri eru valfrjáls.

Með góðri kveðju
Stjórn Jökuls

www.hmfjokull.is

jokull@hmfjokull.is

Knapamerki 1

Hestamannafélagið Jökull ætlar að fara af stað aftur með Knapamerki 1 (stigaskipt nám í reiðmennsku) fyrir þá nemendur sem hafa áhuga á áttunda -10 bekk Reykholtsskóla, Kerhólsskóla og Bláskógarskóla Laugavatni vorið 2023. Kennslustaður er í reiðhöllinni á Flúðum bæði fyrir bóklega og verklega kennslu. Kennsla í Knapamerki 1 og 2 er búin að vera í gangi síðan í haust með góðu gengi. Hægt verður að fá þetta nám metið sem val í Reykholtsskóla og Bláskógarskóla (haust eða vor).

Nám í Knapamerkjum er í dag metið inn sem val í Fjölbrautarskóla Suðurlands og í Menntaskólanum á Laugavatni

Kennarar námskeiðs er Maiju Varis og Oddrún Ýr Sigurðardóttir

Hestar, reiðtygi, hjálmar er á staðnum

Innifalið er bókin Knapamerki 1 á meðan námskeiðinu stendur

Bóklegir tímar eru 3 (2x40 mín skiptið)

Verklegir tímar eru 12 (2x40 mín skiptið)

Nánari upplýsingar um Knapamerkin fá finna inná www.knapamerki.is og hjá Oddrúnu í síma 849-8088 eða jokull@hmfjokull.is

Stjórn hestamannafélagsins Jökuls hefur mikinn áhuga á að koma skipulagðri kennslu í hestamennsku sem valgrein inn í grunnskólana. Þetta verkefni gæti auðveldað nemendum aðgengi að hestum ef þau eiga ekki hesta og þátttöku með það að markmiði að kynna þeim heim hestaíþróttarinnar. Fyrir þá sem eiga hesta bætir þetta nám kunnáttu þeirra og færni í hestaíþróttinni.

Það sem hefur verið á döfunni í mars eru pollanámskeið fyrir yngstu kynslóðina, miðvikudagsnámskeið æskulýðsnefndar, vetrarmót mótanefndar, Uppsveitadeildin og ýmislegt fleira.

Innheimta félagsgjalda byrjar í apríl.

Allar upplýsingar um starfið okkar má finna á heimasíðu okkar www.hmfjokull.is og á fésbókarsíðu okkar Hestamannafélagið Jökull.

Hægt er að hafa samband við okkur hvenær sem er, netfangið okkar er: jokull@hmfjokull.is

Bak við eldavélina !



Ég hef búið í Borgarkoti í 34 ár á þessu ári og aldrei verið beðin um uppskrift í blaðið fyrr en núna. Maturinn sem ég elda er mjög einfaldur og oft mjög „finnskur“. Réttur sem mjög mörgum Finnum finnst góður er: „Makkarónuskúffa“ eða Makaroniláða á sænsku og Makaroonilaatikko á finnsku.

Ég bý hana til um það bil svona:
 400 gr. hakk (ég nota svína- , má vera hvaða hakk sem er)
 400 gr. makkarónur
 1 stór laukur (gulur)
 „Eggjamjólk“; 2-3 egg og ca 1 lítri mjólk
 Ofan á – rifinn ostur

Sjóðið makkarónur (mega vera aðeins harðar) og saltið.
 Steikið lauk og hakk (kryddað með salt og pipar).
 Smyrjið eldfast mót.
 Blandið makkarónum, hakki og lauk saman og setjið í mótið.
 Hellið mjólkinni blandaðri við eggin yfir og stráið rifnum osti yfir allt saman.

Látið „bakast“ í ofni við 200° í um það bil klukkustund.

Borðið með tytteberjasultu (mér finnst það best þannig) eða með tómatsósu.

*Verði ykkur að góðu,
 Ann í Borgarkoti*

Félagsheimilið í Brautaholti

Eftir miklar endurbætur á Félagsheimilinu í Brautarholti er nú loksins hægt að fá salinn leigðan aftur fyrir ýmis tilefni. Salirnir eru tveir sem hægt er að velja úr, stór og lítill, báðir með eldhúsaðstöðu. Einnig er hægt að leigja sérstaklega borð, stóla og borðbúnað ef maður er með veislur annarsstaðar. Engin þjónusta fylgir leigu á félagsheimilinu svo hver og einn þarf að ganga frá og þrifa eftir sig. Frekari upplýsingar eru á heimasíðu sveitarfélagsins. Allar pantanir og fyrirsprunir berist til umsýjónaraðila félagsheimilisins:

Viktória Rós, s.772-2484, viktoriaros@skeidgnup.is.



Eyjólfur Snær Eyjólfsson, nýbúi mánaðarins



Hverra manna ert þú?

Ég er sonur Elsu Lind Guðmundsdóttur og Eyjólfss Óla Jónssonar

Hvar býrðu?

Ég bý í Brautarholti þar ég var fyrst í leiguhúsnaði áður en ég festi kaup á eigin eign á holtinu.

Hvar hefur þú alið manninn?

Ég ólst upp í Mosfellsbæ. Leiðin lá svo á Laugarvatn þegar móðir mín fluttist til Noregs.

Við hvað vinnur þú?

Ég er húsasmiður og vinn hjá Vörðufelli og er líka hlutastarfandi slökkviliðsmaður.

Hvernig eyðir þú frítíma þínum?

Ég stunda útivist

Hvað ætlar þú að verða þegar þú ert orðin stór?

Ég ætlaði að verða smiður frá ég man eftir mér.



Ungmennafélag Skeiðamanna

Aðalfundur félagsins var haldinn þriðjudaginn 4. apríl síðastliðinn í félagsheimilinu í Brautarholti. Þar komu upp ýmsar hugmyndir sem stjórnin ætlar að skoða og vinna í að koma á framfæri.

Eftir vel heppnuð spilakvöld í febrúar þá er næst á dagskrá hjá Ungmennafélagi Skeiðamanna að halda sumardaginn fyrsta hátíðlegan eins og síðustu ár. Félagið mun bjóða upp á veitingar og fleiri spennandi hátíðarhöld eru á dagskrá.

Ærslabelgurinn fer í gang fyrir sumarið og verður opinn svo alla daga frá 10:00 – 21:30.

Hlökkum til að sjá sem flesta á sumardaginn fyrsta þann 20.apríl í Brautarholti frá kl 13:00 - 16:00



Sveitarstjórn 2022-2026. 16. fundur 1. mars 2023 kl. 09:00 - 12:30

Mættir: Haraldur Þór Jónsson oddviti, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Karen Óskarsdóttir, Vilborg Ástráðsdóttir og Gunnar Örn Marteinsson.

Sylvía Karen Heimisdóttir ritaði fundargerð.

Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera. Leitað var frábrigða. Óskaði oddviti eftir því að bæta við samkomulagi um úrgöngu Hveragerðis og sveitarfélagsins Ölfus úr Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs. og fundargerðir NOS Var það samþykkt samhljóða með 5 atkvæðum og verður erindið dagskrárliður nr. 3 á fundinum. Færast aðrir fundarliðir neðar sem því nemur.

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:

1. Skýrsla sveitarstjóra á 16. sveitarstjórnarfundum

Sveitarstjóri fór yfir stöðu á eftirfarandi verkefnum sem unnið hefur verið að á síðustu fjórum vikum:

Samtöl við ráðherra og þingmenn.

Fjölmíðlaumfjöllun síðustu vikur.

Íbúafundur Hvammsvirkjunar.

Stjórnarfundur Samtaka Orkusveitarfélaga.

Fréttatilkynning Samtaka Orkusveitarfélaga.

Skóla- og Velferðarþjónusta Árneshings.

Verndarskýrsla Þjórsárdalsins í kynningu.

Málefni dagþjónustu í Uppsveitunum.

Stýrihópur skólaþings.

Ráðning skrifstofustjóra UTU.

Oddvitafundur - samstarf sveitarfélaga í uppsveitunum.

Fundur með forstjóra Landsvirkjunar.

Lóðaleigusamningur Rauðukamba í Þjórsárdal.

Íbúafundur um þróun byggðar í Árneshing.

Fundur með Rauðukömbum.

Vikurnámur í Búrfelli.

Kynningarfundur sveitarfélaga í Samtökum Orkusveitarfélaga.

2. Nefnd oddvita og sveitarstjóra. Samkomulag um úrgöngu og fundargerðir

Samkomulag um úrgöngu Hveragerðisbæjar og sveitarfélagsins Ölfus úr Skóla- og Velferðarþjónustu Árneshings bs. lagt fram til samþykktar. sbr. 1. málslið fundar nefndar oddvita og sveitarstjóra, NOS, frá 16. febrúar sl.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum fyrirbyggjandi samkomulag um úrgöngu Hveragerðisbæjar og sveitarfélagsins Ölfus úr Skóla- og

velferðarþjónustu Árneshings bs. og felur sveitarstjóra að undirrita samkomulagið fyrir hönd sveitarfélagsins.

Fundargerðir Nefndar oddvita og sveitarstjóra (NOS) frá 16. febrúar og 14. febrúar að öðru leyti lagðar fram til kynningar.

3. Skóla- og velferðarþjónusta Árneshings bs.

a) Skipun í stjórn Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps skipar eftirtalda aðila, með fimm atkvæðum, í stjórn Skóla- og velferðarþjónustu bs til loka kjörtímabilsins 2022-2026:

Aðalmaður: Haraldur Þór Jónsson

Varamaður: Bjarni H. Ásbjörnsson

Erindisbréf stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs. lagt fram til kynningar.

b) Skipun í fagnefnd Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps skipar eftirtalda aðila, með fimm atkvæðum í fagnefnd Skóla- og velferðarþjónustu bs til loka kjörtímabilsins 2022-2026.

Aðalmaður: Andrea Sif Snæbjörnsdóttir

Varamaður: Gunnhildur Valgeirsdóttir

Erindisbréf fagnefndar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs. lagt fram til kynningar.

c) Boðun á aukafund Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs.

Lagt fram fundarboð á aukafund Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs sem haldinn verður 1. mars nk. kl 13.

Sveitarstjórn skipar Bjarna H. Ásbjörnsson til að sækja fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins.

d) Félagssamningur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs - fyrri umræða

Nýr félagssamningur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs. lagður fram til fyrri umræðu í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að vísa fyrirbyggjandi félagssamningi Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs. til síðari umræðu.

4. Hópur um verndun Þjórsár

Gerður Stefánsdóttir, Kjartan Ágústsson og Sigþrúður Jónsdóttir koma fram með erindi fyrir hönd hóps um verndun Þjórsár.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þakkar

fyrir erindið

5. Bílar sveitarfélagsins og notkun þeirra.

Leitað hefur verið reglulega til sveitarstjóra um möguleika á að fá lánað/leigðar bifreiðar sveitarfélagsins til bæði félagasamtaka, íþróttafélaga og einstaklinga. Sveitarstjóri óskar eftir umræðu í sveitarstjórn um málið og að reglur verði settar um notkun bifreiða sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps felur sveitarstjóra að leggja, fyrir sveitarstjórnarfund, drög að reglum um notkun á bifreiðum sveitarfélagsins í samræmi við umræður á fundinum.

6. Jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun

Lögð fram drög að endurskoðaðri jafnréttisáætlun sveitarfélagsins 2023-2027 sem og drög að uppfærðri jafnaunastefnu sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps vísar jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun til Velferðar- og jafnréttisnefndar til frekari vinnslu.

7. Gjaldskrá Félagsheimilisins í Brautarholti

Lögð fram gjaldskrá fyrir nýtingu á félagsheimilinu í Brautarholti.

Afgreiðslu frestað.

8. Tilnefning kjörins fulltrúa sem tengilið við innleiðingu Heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna.

Samband Íslenskra sveitarfélaga veitir sveitarfélögum bæði aðhald, fræðslu og stuðning í innleiðingu heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna. Í verkefninu eru sveitarfélög með einn starfsmann við innleiðingu og einn kjörinn fulltrúi. Hrönn er starfsmaður sveitarfélagsins í verkefninu og verkefnastjóri um innleiðingu Heimsmarkmiðanna. Eftir kosningar síðastliðið vor þarf að tilnefna nýjan kjörinn fulltrúa sveitarfélagsins í hópinn.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að Karen Óskarsdóttir verði kjörinn fulltrúi sem tengiliður við innleiðingu Heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna.

9. Fundargerð stjórnar Bergrisans og auka aðalfundar

Endurskoðaðar samþykktir Bergrisans lagðar fram fyrir sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Nú er um að ræða fimm félagsþjónustusvæði í stað þriggja og fela breytingar m.a. í sér skilgreiningu á hlutverki nýs fagteymis og þjónusturáðs.

Fundargerðir 51. fundar stjórnar Bergrisans og aukaadalfundar Bergrisans að öðru leyti lagðar fram til kynningar.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að vísa samþykktum Bergrisans til síðari umræðu.

10. Skólaþjónustu og velferðarnefndar-Fundargerð og gjaldskrá

Tillaga að gjaldskrá Skólaþjónustu og velferðarnefndar Árnesþings lögð fram til samþykkar. Afgreiða þarf sérstaklega liði 3a og 3c. Fundargerð 59. fundar Skólaþjónustu og velferðarnefndar Árnesþings að öðru leyti lögð fram til kynningar.

3a) Tillaga að breyttri gjaldskrá vegna fjárhagsaðstoðar. Lagt er til að fjárhagsaðstoð verði hækkuð í samræmi við hækkun á vísitölu neysluverðs (9,3%) frá og með 1. mars 2023. Grunnfjárhæð fyrir einstakling verði 196.740 kr.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum framlagða gjaldskrá Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings vegna fjárhagsaðstoðar.

3b) Tillaga að breyttri gjaldskrá vegna helgarvistunar hjá stuðningsfjölskyldu í barnavernd og stuðningsfjölskyldu vegna fatlaðra barna.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps frestar afgreiðslu þar til stjórn Bergrisans bs hefur fjallað um gjaldskrá vegna stuðningsfjölskyldna.

3c) Tillaga að breyttri gjaldskrá heimaþjónustu. Lagt er til að gjaldskrá heimaþjónustu hækki um 9,3%. Lægra gjald verði 694 kr. á tímann og hærra gjald 984 kr, á tímann.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum framlagða gjaldskrá Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings um heimaþjónustu.

11. Bókun sveitarstjórnar Hrunamannahrepps vegna stjórnar reiðhalla

Sveitarstjórnir Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps hafa í sameiningu átt einn stjórnarmann í stjórn reiðhallarinnar á Flúðum.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að skipa Gunnar Örn Marteinsson í stjórn reiðhallarinnar á Flúðum.

12. Búrfellslundur - umsagnarbeiðni

Fyrirhugaður Búrfellslundur sem staðsettur er á mörkum Rangárþings Ytra, Skeiða- og

Gnúpverjahrepps og Ásahrepps mun hafa gríðarleg neikvæð sjónræn áhrif í öllum þremur sveitarfélögunum.

Lagaleg umgjörð um vindorku á Íslandi hefur ekki verið sett og á meðan svo er telur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps ekki tímabært að sveitarfélög afgreiði tillögur til breytinga á aðal- og deiliskipulagi vegna vindorkugarða, sem geta takmarkað möguleika sveitarfélaganna til annarrar atvinnuuppbyggingar.

Í bókun sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 15. febrúar 2023 kemur fram að orkuvinnsla í sveitarfélaginu í óbreyttri mynd þjóni ekki hagsmunum þess.

Til þess að hægt verði að breyta aðal- og deiliskipulagi sveitarfélaga, vegna frekari orkuvinnslu, þarf að tryggja með lögum að nærumhverfið þar sem orkan á uppsprettu sína njóti efnahagslegs ávinnings af hagnýtingu hennar. Það mun styrkja byggð um land allt þar sem orkan verður til.

Einnig þarf að breyta raforkulögum til að tryggja að dreifikostnaður raforku sé sá sami í dreifbýli og þéttbýli.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps telur áhrif affyrirhuguðum Búrfellslundi verða verulega neikvæð miðað við núverandi lagaumgjörð og að ekki sé hægt að heimila hann í óbreyttri mynd. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hvetur sveitarstjórn Rangárþings Ytra til að staldra við í skipulagsmálum virkjana á meðan sanngjörn skipting auðlindarinnar verður fest í lög.

13. Selhöfðar í Þjórsárdal; Verslunar- og þjónustusvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2106076

Á 15. fundi sveitarstjórnar var tekin fyrir 253. fundargerð skipulagsnefndar UTU.

Bókaði skipulagsnefnd ranga bókun við tillögu að aðalskipulagsbreytingu sem tekur til skilgreinar á verslunar- og þjónustusvæði við mynni Þjórsárdals. Innan svæðisins er gert ráð fyrir uppbyggingu þjónustumiðstöðvar. Var vísað í ranga lagagrein við málsmeðferð. Vísaði sveitarstjórn einnig í ranga lagagrein í samræmi við bókun skipulagsnefndar.

Er bókun sveitarstjórnar hér með leiðrétt með vísan í rétta ákvæði skipulagslaga.

Leiðrétt bókun sveitarstjórnar er:

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir að framlögð tillaga að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Selhöfða í Þjórsárdal verði samþykkt í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Mælist nefndin til þess að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

14. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 255.

26. Fjallaskálar í Flóa- og Skeiðamannaafretti og Gnúpverjaafretti; Aðalskipulags- breyting - 2207018 Lögð fram tillaga vegna breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 eftir kynningu. Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felur í sér breytingu á skipulagi fjallaskála á Flóa- og Skeiðamannaafretti og Gnúpverjaafretti. Flóa- og Skeiðamannaafreittur telst vera milli Stóru-Laxár og Fossár að austanverðu og Gnúpverjaafreittar milli Fossár og Þjórsár. Svæðið er allt innan skipulagssvæðis Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Skálarnir eru skilgreindir í gildandi aðalskipulagi sem afþreyingar- og ferðamannasvæði. Um er að ræða skálasvæði og fjallasel: AF16 Klettur (L166522), AF17 Hallarmúli (L178699), AF18 Sultarfit (L179883), AF19 Skeiðamannaftit (L179888), AF20 Gljúfurleit (L166705), AF21 Bjarnalækjarbotnar (L166706), AF22 Tjarnarver (L166707) og AF23 Setrið (L166521). Að auki er bætt við skálum í greinargerð aðalskipulags þar sem ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu en heimilt verði að viðhalda núverandi mannvirkjum. Markmiðið með aðalskipulagsbreytingunni er að fjölga gistiþlassum í fjallaskálum í samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags. Verið er að setja ramma utan um mannvirki á hverju svæði fyrir sig og uppbyggingu þeirra og viðhaldi til framtíðar. Vatnsverndarsvæði skálanna eru sett inn á uppdrátt aðalskipulags og einnig er heimild veitt fyrir minniháttar efnistöku vegna úrbóta á aðkomuvegum.

Öll almenn jarðvinna Ólafsvellir ehf Sími 897-5997



Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps frestar afgreiðslu málsins.

27. Minni-Ólafsvellir L166482; Byggingarheimildir; Deiliskipulag - 2302014.

Lögd er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til jarðarinnar Minni-Ólafsvalla L166482. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir núverandi byggingum svæðisins auk gistihúsa og hesthúss. Skilgreindir eru byggingarreitir innan skipulagssvæðisins og tilgreindar eru byggingarheimildir innan þeirra. Gert er ráð fyrir uppbyggingu allt að tíu 60 m² gistihúsa og 220 fm hesthúss.

Að mati sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps fellur svo umfangsmikil uppbygging á gistirekstri illa að heimildum aðalskipulags er varðar uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum þar sem tiltekið er að heimilt sé að stunda minniháttar atvinnurekstur á landbúnaðarsvæðum þar sem er föst búseta. Að mati sveitarstjórnar verður meginnotkun viðkomandi lands Minni-Ólafsvalla orðið verslunar- og þjónustutengd starfsemi með heimildum framlagðs deiliskipulags. Telur sveitarstjórn nauðsynlegt að samhliða verði unnið að skilgreiningu verslunar- og þjónustusvæðis um fyrirhugaða starfsemi sem skilgreind er innan reits A1 sem gert er ráð fyrir 600 fm uppbyggingu gistingar á 5 ha landi Minni-Ólafsvalla. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps frestar afgreiðslu málsins.

15. Fundargerð Samtaka orkusveitarfélaga

Fundargerðir 55 og 56. fundar stjórnar samtaka orkusveitarfélaga lagðar fram til kynningar.

16. Boðun á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS)

Fundarboð lagt fram til kynningar.

17. Lánasjóður sveitarfélaga. Bréf til sveitarstjórn

Bréf lagt fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 12.30. Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 15. mars, kl 09.00. í Árnesi.

Sveitarstjórn 2022-2026. 17. fundur 15. mars 2023 kl. 09:00 - 11:0

Mættir: Haraldur Þór Jónsson oddviti, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Karen Óskarsdóttir, Vilborg Ástráðsdóttir og Gunnar Örn Marteinnsson.

Sylvía Karen Heimisdóttir ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru

við fundarboðið, svo reyndist ekki vera.

Leitað var frábrigða. Óskaði oddviti eftir því að bæta við frestuðu máli frá síðasta fundi sveitarstjórnar er varðar fundargerð skipulagsnefndar nr. 255, Fjallaskálar í Flóa- og Skeiðamannaafreitti og Gnúpverjaafreitti; Aðalskipulagsbreyting – 2207018. Var það samþykkt samhljóða með 5 atkvæðum og verður erindið dagskrárliður nr. 8 á fundinum. Færast aðrir fundarliðir neðar sem því nemur.

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:

1. Skýrsla sveitarstjóra á 17. sveitarstjórnarfundi Sveitarstjóri fór yfir stöðu á eftirfarandi verkefnum sem unnið hefur verið að á síðustu tveimur vikum:

Fundur með þingmönnum.

Endurskoðun KPMG.

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings.

Framkvæmdir í Skeiðalaug.

Starfsnefnd Orkusveitarfélaga.

Fundur með Samorku.

Uppbygging á grænmetisframleiðslu til útflutnings.

Uppbygging á kornrækt.

Kynningarfundur samtaka orkusveitarfélaga.

Vinnustofa samtaka orkusveitarfélaga.

Fundur með forstjóra Rarik.

Fundur með forstjóra Landsnets.

Ársfundur Landsvirkjunar.

Fundur með innviðaráðherra.

Húsnæðismál Héraðsskjalasafnsins.

Áætluð fræðsluferð um vindorku til Noregs.

Viðtal sveitarstjóra á Sprengisandi.

Íbúafundur um uppbyggingu í Árnesi.

Stjórnunar- og verndaráætlun Þjórsárdals.

Bókanir annarra sveitarfélaga um orkumál.

Fundur með oddvita Húnabyggðar.

Endurskoðun á regluverki jöfnunarsjóðs.

2. Breytingar á samþykktum Bergisans – síðari umræða

Endurskoðaðar samþykktir Bergisans lagðar fram til síðari umræðu fyrir sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Um er að ræða m.a. breytingar á félagsþjónustusvæðum, umboð til skipulags og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk og fullnaðarafgreiðslu mála í málaflokknum, breytingu á stjórnkerfi byggðasamlagsins, umboð til fagteymis til fullnaðarákvarðana, umboð stjórnar til skuldbindinga, ákvæði um úrsögn eða slit byggðasamlagsins.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum endurskoðaðar

samþykktir Bergrisans.

3. Reglugerð um afnot af eignum sveitarfélagsins
Lagðar fram nýjar reglur um afnot af eignum sveitarfélagsins þar sem skýrðar eru heimildir um afnot á bílum og húsnæði sveitarfélagsins.

Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum nýjar reglur um afnot af eignum sveitarfélagsins.

4. Ungmennapíng

Óskað hefur verið eftir því að sveitarfélagið standi fyrir ungmennapíngi, þar sem farið verður yfir heimsmarkmiðin og innleiðing þeirra skoðuð með augum ungmenna í sveitarfélaginu. Einnig verði lögð fyrir ungmennapíngið nýtt skipulag í Árnesi, ný skólastefna kynnt og kosið verði í ungmennaráð Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að sveitarfélagið standi fyrir ungmennapíngi og skipar Hrönn Jónsdóttur og Magneu Guðmundsdóttur sem verkefnastjóra til að undirbúa þingið.

5. Umsögn um rekstrarleyfi gistiheimili Blesastöðum 1

Lögð fram umsagnarbeiðni vegna umsóknar um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-C minna gistiheimili.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umsókn um rekstur gististaðar í flokki II.

6. Umsögn v. rekstrarleyfis Vorsabæ 1A

Lögð fram umsagnarbeiðni vegna umsóknar um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-G íbúðir.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umsókn um rekstur gististaðar í flokki II.

7. Fundargerðir og gögn Skóla- og velferðarþjónustu Fundargerðir Skóla- og velferðarþjónustu lagðar fram til kynningar.

8. Fundargerð 255. fundar skipulagsnefndar Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita (UTUFjallaskálar í Flóa- og Skeiðamannaafrétti og Gnúpverjaafrétti; Aðalskipulags- breyting - 2207018

Lögð fram tillaga vegna breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 eftir kynningu. Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felur í sér breytingu á skipulagi fjallaskála á Flóa- og Skeiðamannaafrétti og Gnúpverjaafrétti. Flóa- og Skeiðamannaafréttur telst vera milli Stóru-Laxár og Fossár að austanverðu og Gnúpverjaafréttar milli Fossár og Þjorsár. Svæðið er allt innan

skipulagssvæðis Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Skálarnir eru skilgreindir í gildandi aðalskipulagi sem afþreyingar- og ferðamannasvæði. Um er að ræða skálasvæði og fjallasel: AF16 Klettur (L166522), AF17 Hallarmúli (L178699), AF18 Sultarfit (L179883), AF19 Skeiðamannafit (L179888), AF20 Gljúfurleit (L166705), AF21 Bjarnalækjarbotnar (L166706), AF22 Tjarnarver (L166707) og AF23 Setrið (L166521). Að auki er bætt við skálum í greinargerð aðalskipulags þar sem ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu en heimilt verði að viðhalda núverandi mannvirkjum. Markmiðið með aðalskipulagsbreytingunni er að fjölga gistiplássum í fjallaskálum í samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags. Verið er að setja ramma utan um mannvirki á hverju svæði fyrir sig og uppbyggingu þeirra og viðhaldi til framtíðar. Vatnsverndarsvæði skálanna eru sett inn á upprátt aðalskipulags og einnig er heimild veitt fyrir minniháttar efnistöku vegna úrbóta á aðkomuvegum.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna fjallaskála í Flóa- og Skeiðamannaafrétt í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. sömu laga að undangengnu samþykki Skipulagsstofnunar.

Efnistökusvæði í Tjarnarveri verði áfram innan tillögunnar en komi til efnistöku verði leitað heimildar UST vegna hennar. Varðandi eldri miðstöðvar gangnamanna sem nú verða skilgreindar sem ný AF-svæði, telur sveitarstjórn ekki þörf á að skilgreina vegsamband að þeim svæðum þar sem slíkt samband er ekki til staðar. Svæði þessi eru aðgengileg riðandi og gangandi umferð. Sveitarstjórn telur að tekið hafi verið tillit til umsagna sem bárust vegna tillögunnar með fullnægjandi hætti að öðru leyti innan framlagðra gagna og samantektar á umsögnum og viðbrögðum sem lögð er fram við afgreiðslu málsins.

9. Fundargerð 256. fundar skipulagsnefndar Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita (UTU) Skeiðamannafit L179888; Fjallasel; Deiliskipulag – 2205039

Lögð er fram tillaga deiliskipulag sem tekur til fjallaselsins Skeiðamannafits á Flóa- og Skeiðamannaafrétti eftir kynningu. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan

um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining tveggja byggingarreita, áningarhólfs og vatnsbóls ásamt verndarsvæði umhverfis það. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Umsagnir bárust á kynningartíma tillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Sultarfit L179883; Fjallasel; Deiliskipulag – 2205038

Lögd er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Sultarfits á Flóa- og Skeiðamannaafretti eftir kynningu. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarreits, áningarhólfs og vatnsbóls ásamt verndarsvæði umhverfis það. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Umsagnir bárust á kynningartíma tillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Hallarmúli L178699; Fjallasel; Deiliskipulag – 2205037

Lögd er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Hallarmúla á Flóa- og Skeiðamannaafretti eftir kynningu. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarreits, áningarhólfs og vatnsbóls ásamt verndarsvæði umhverfis það. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Umsagnir bárust á kynningartíma tillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps

samþykkir með 5 atkvæðum að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Klettur L166522; Fjallasel; Deiliskipulag – 2205036
Lögd er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Kletts á Flóa- og Skeiðamannaafretti eftir kynningu. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining tveggja byggingarreita, áningarhólfs og vatnsbóls ásamt verndarsvæði umhverfis það. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Umsagnir bárust á kynningartíma tillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Setrið fjallasel; Flóa- og Skeiðamannaafreitur; Deiliskipulag – 2202088

Lögd er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Setursins á Flóa- og Gnúpverjaafretti eftir kynningu. Markmiðið með gerð þessa deiliskipulags er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarreits og vatnsbóls ásamt verndarsvæði umhverfis það. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Umsagnir bárust á kynningartíma tillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Tjarnarver fjallasel; Gnúpverjaafreitur; Deiliskipulag – 2202087

Lögd er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Tjarnarvers á Gnúpverjaafretti eftir kynningu. Markmið deiliskipulagstillögunnar er

að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining tveggja byggingarreita, áningarhólfs og tillögu að fyrirhuguðu vatnsbóli. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Umsagnir bárust á kynningartíma tillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Bjarnalækjarbotnar fjallasel; Gnúpverjaafréttur; Deiliskipulag - 2202086

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Bjarnalækjarbotna á Gnúpverjaafrétti eftir kynningu. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining tveggja byggingarreita og áningarhólfs. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Umsagnir bárust á kynningartíma. **Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.**

Gljúfurleit skálasvæði; Gnúpverjaafréttur; Deiliskipulag - 2202085

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til skálasvæðisins Gljúfurleit á Gnúpverjaafrétti eftir kynningu. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining tveggja

byggingarreita, áningarhólfs og vatnsbóls ásamt verndarsvæði umhverfis það. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Umsagnir bárust á kynningartíma tillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

10. Fundargerð 5. fundar skólaneftndar

Fundargerð lögð fram til kynningar.

11. Fundargerð 3. fundar Menningar- og æskulýsðneftndar

Fundargerð lögð fram til kynningar.

12. Fundargerðir 2., 3., 4. og 5. fundar Loftslags- og Umhverfisneftndar

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

13. Fundargerðir starfsneftndar Samtaka Orkusveitarfélaga.

Fundargerðir starfsneftndar lagðar fram til kynningar.

14. Fundargerð 57. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Fundargerð lögð fram til kynningar.

15. Bréf til sveitarstjórnar

Bréf frá Kristínu Ásu Guðmundsdóttur lagt fram til kynningar. Kristín Ása hefur óskað eftir að koma á fund sveitarstjórnar og kynna erindið.

Sveitarstjóra falið að boda Kristínu Ásu á næsta fund sveitarstjórnar.

16. Yfirlýsing félagasamtaka á sviði útivistar vegna svæðisskipulags Suðurhálendis

Yfirlýsing lögð fram til kynningar.

17. Fundargerð 225. fundar Heilbrigðisneftndar Suðurlands

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 10.30. Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 5. apríl, kl 09.00. í Árnesi.

Öll almenn jarðvinna Ólafsvellir ehf Sími 897-5997



Söngsveitin **Tvennir tímar** heldur vortónleika í
Félagsheimilinu á Flúðum **sunnudaginn 16. apríl kl.15.00.**

Fjölbreytt dagskrá m.a. koma fram nokkrir nemendur úr
tónsmiðju stjórnanda okkar Stefáns Þorleifssonar.

Kaffi og smákökur á borðum.

Stjórnin.



8				6	9	
	4		9	3		
		6			4	5
9	8		7	2		5
			3			
	1	3			9	
5						7
		9	6	7	3	8
			1	4		6

		4	8	6		3
		1				9
8					9	6
5			2		6	
	2	7			1	
				4	3	
	5					
		9				4
			4			1
						5



Karlakór Hreppamanna Vortónleikar 2023



Á efnisskrá karlakórsperlur og Laddalög

Stjórnandi: Atli Guðlaugsson

Píanóleikari: Sigurður Helgi Oddsson

Fiðlu– banjó– og gítarleikari: Matthías Stefánsson

Einsöngur: Bjarni Atlason

Hveragerðiskirkju 15. apríl kl. 16:00

Víðistaðakirkju Hafnarfirði 21. apríl kl. 20:00

Félagsheimilinu á Flúðum 22. apríl kl. 20:00

Aðgangseyrir kr. 4.000,-

Verið hjartanlega velkomin